

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 145/2009**

**frá 4. desember 2009**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2009 frá 22. október 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2008 frá 23. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 593/2007 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 66s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 1356:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2008 frá 23. desember 2008 (Stjtið. ESB L 350, 30.12.2008, bls. 46).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1356/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 350, 30.12.2008, bls. 46.

(\*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
***O.H. Sletnes***  
formaður.